

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2007

frá 6. júlí 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2007 frá 8. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði ⁽²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽⁴⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins ⁽⁵⁾ voru felldar inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 ⁽⁶⁾ frá 2. júní 2006, með sértekum aðlögunarákvæðum fyrir einstök lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1794/2006 frá 6. desember 2006 um sameiginlegt innheimtakerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66wc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„66wd. **32006 R 1794**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1794/2006 frá 6. desember 2006 um sameiginlegt innheimtakerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu (Stjtið. ESB L 341, 7.12.2006, bls. 3).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 14, og EES-viðbætur nr. 48, 11.10.2007, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 341, 7.12.2006, bls. 3.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1794/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. júlí 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) **Engin** stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.